

REGLUGERÐ

um starfstíma grunnskóla.

1. gr.

Árlegur starfstími grunnskóla skal vera frá 1. september til 31. maí þ. e. 172—177 dagar miðað við 5 daga kennsluviku. Þar af skulu kennsludagar og prófdagar samkvæmt 60. gr. laga um grunnskóla vera eigi færri en 160—165. Að öðru leyti skal starfstímanum varið til annarra starfa í þágu skóla, sbr. 3. gr. Miða skal við að slík störf séu unnin eftir því sem við verður komið áður en kennsla hefst að hausti og eftir að henni lýkur að vori. Þó skal heimilt að ráðstafa allt að 6 dögum í þessu skyni eftir að kennsla hefst að hausti og áður en henni lýkur að vori í skólum sem starfa í 9 mánuði. Sé heimild til að verja umræddum starfsdögum til annarra starfa en kennslu ekki nýtt að fullu fjölgar kennsludögum er því nemur.

Heimilt er fræðslustjóra að veita skólum undanþágu frá kennslu- og prófdagafjölda (160—165) í því skyni að kennarar sækji kennaranámskeið eða fræðslufundi.

Ákveði skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, sbr. 41. gr. laga um grunnskóla, að starfstími grunnskóla skuli vera skemmri en 9 mánuðir, skulu starfsdagar til annarra starfa en kennslu sbr. 3. gr. eigi vera fleiri en hér segir miðað við 5 daga kennsluviku eftir að kennsla hefst að hausti og áður en henni lýkur að vori:

- a) Í 8½ mánaða skólum 5 dagar
- b) Í 8 mánaða skólum 4 dagar
- c) Í 7½ mánaða skólum 3 dagar
- d) Í 7 mánaða skólum 2 dagar

Fjöldi kennslu- og prófdaga verði síðan breytilegur eftir því hvort hlaupár er og hvort 1. desember eða 1. maí falla á laugardag eða sunnudag svo og eftir því hvort hvítasunna er á starfstíma skóla eða ekki.

Kennsludagar teljast:

- a) Dagar sem kennt er samkvæmt fullri stundaskrá allra bekkjadeilda,
- b) dagar sem hluti nemenda er, á skólatíma, í vettfangsferðum, útivist (þ. á m. skíða- og skólaferðalög) eða við landgræðslustörf (sbr. lög nr. 58/1974 um landgræðslustörf skólafólks og reglugerð nr. 44/1975) enda njóti aðrir nemendur skólans fullrar kennslu samkvæmt stundaskrá,
- c) skólaskemmtanir með almennri þátttöku nemenda á skólatíma,
- d) skólasetningardagur og skólaslitadagur
- e) kynning atvinnulífs sbr. 3. mgr. 42. gr. laga um grunnskóla, enda njóti þeir nemendur sem ekki eru þátttakendur í þessari kynningu fullrar kennslu samkvæmt stundaskrá.

Prófdagar teljast þeir dagar sem próf eru lögð fyrir heila árganga samkvæmt ákvæðum 60. gr. laga um grunnskóla en þar er heimilað að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að 12 daga að meðaltali.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega gefa út skóladagatal, þar sem starfsdagafjöldi er tilgreindur, ásamt föstum leyfisdögum og öðrum þeim atriðum, sem gilda fyrir hvert skólaár sérstaklega.

3. gr.

Um ráðstöfun þeirra starfsdaga sem varið er til annarra starfa kennara í þágu grunnskóla en kennslu skal einkum miða við eftirfarandi:

- a) Vinnu kennara að kennsluáætlunum, undirbúning skólastarfs, útskrift einkunna og/eða vitnisburða nemenda, skýrslugerð, innritun o. fl.,
- b) foreldradaga sem varið er í viðtöl kennara og foreldra/nemenda.

4. gr.

Skólastjóri skal árlega, í samvinnu við kennararáð (kennarafund) gera starfsáætlun fyrir hvert komandi skólaár þar sem fram komi kennslu- og prófdagar, upphafs- og lokadagur skólahalds svo og ráðstöfun þeirra starfsdaga sem varið er til annarra starfa kennara í þágu skóla en kennslu. Frumáætlun skal lögð fyrir skólanefnd til umsagnar og send fræðslustjóra til samþykktar fyrir 15. júní ár hvert. Endanleg starfsáætlun skal gerð í upphafi skólaárs, lögð fyrir skólanefnd og send fræðslustjóra til samþykktar. Starfsáætlun skóla skal birt nemendum, foreldrum og kennurum í upphafi skólaárs.

Par sem fleiri en einn grunnskóli er í sama skólahverfi skal skólanefnd beita sér fyrir því að hæfilegt samræmi sé á milli starfsáætlana einstakra skóla innan skólahverfisins.

5. gr.

Valdi ástæður því, að erfitt sé að fullnægja ákvarðaðri starfsdagaskyldu grunnskóla á reglulegum starfstíma með 5 daga skólaviku getur skólanefnd farið þess á leit að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla. Getur fræðsluráð þá heimilað að fenginni umsögn fræðslustjóra, að allt að fjórðungur kennslutíma hlutaðeigandi skóla fari fram með þeim hætti. Ákvörðun fræðsluráðs um sumarskóla skal jafnan tekin með nægum fyrirvara.

6. gr.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir auglýsingu um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1. til 9. bekk grunnskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út, sbr. 44. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Varðandi fasta leyfisdaga skal miða við ákvæði 45. gr. sömu laga og reglugerðar um leyfi í skólum. Skrá um fasta leyfisdaga skal birta nemendum, foreldrum og kennurum í upphafi skólaárs.

7. gr.

Óski skólanefnd eftir að nota heimild í 41. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla um skertan skólatíma, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal hún send fræðslustjóra áætlun um framkvæmd skólahaldsins fyrir 15. mars fyrir hvert komandi skólaár.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún gildi hinn 1. ágúst 1984.

Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð um starfstíma grunnskóla nr. 79/1976.

Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.